

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa, skólaárið 2022-2023



Jóhann Aðalsteinn Árnason
Svanhildur Svavarsdóttir

Inngangur

Náms- og starfsráðgjöf FMOS er fyrir ALLA nemendur skólans og er skipulögð með það að leiðarljósi að hún sé **fyrirbyggjandi, græðandi, fræðandi og þroskandi**. Náms- og starfsráðgjafar eru sérfræðingar í ráðgjöf um nám, hvort heldur sem er í námi eða um nám en einnig um störf og vinnumarkað. Hlutverk þeirra er að stuðla að velferð nemenda með hagsmuni þeirra að leiðarljósi, vera trúnaðarmenn þeirra og talsmenn innan skólans.

Í ár voru tveir náms- og starfsráðgjafar við skólann, Svanhildur í 100% stöðuhlutfalli og Aðalsteinn í 20% stöðuhlutfalli.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir verkefnum náms- og starfsráðgjafar FMOS. Tilgangurinn er að leggja mat á starfið og fá heildarsýn til að bæta þjónustu við nemendur skólans.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafar FMOS skiptast í ráðgjöf, stjórnun, kynningar og endurmenntun. Í töflu 1 má sjá verkefnalýsingu hvers flokks fyrir sig auk þess tíma sem áætlaður er í hvern flokk.

Tafla 1. Yfirlit yfir verkefni náms- og starfsráðgjafar FMOS, tímaáætlun og vægi verkefna (100% starfshlutfall)

Verkefni	%	klst/ári
I Ráðgjöf: einstaklingsráðgjöf, hópráðgjöf, rafræn ráðgjöf, náms- og starfsval og náms- og starfsfræðsla (undirbúningur, eftirfylgni)	70	1224
II Stjórnun: áætlanagerð, skráningar, skýrslugerð og þróunarvinna, fundir, nefndarstörf og önnur tilfallandi verkefni í samráði við stjórnendur s.s. innritun og áfangar í boði.	20,5	360
III Kynningar á skólanum og þjónustunni: foreldrafundur, grunnskólakynningar, móttaka nýnema.	5	88
IV Endurmenntun: fræðslufundir, námskeið, námsferðir og faghandleiðsla.	4,5	80
	Alls: 100	1752
		+48
		Viðbótarorlof (skv. kjarasamningi KÍ)


Ráðgjöf

Heildarfjöldi innritaða nemenda á haustönn 2022 var 273, þar af voru 139 karlkyns og 134 kvenkyns. Á vorönn 2023 voru 243 nemendur við skólann og þar af voru 124 karlkyns og 119 kvenkyns. Hér á eftir fer nánari umfjöllun um verkefni náms- og starfsráðgjafa sem snúa beint að nemendum.

Einstaklingsráðgjöf

Fjöldi ráðþega og ástæður fyrir komu

Náms- og starfsráðgjafar FMOS hafa komið að málum fjölmargra nemenda á skólaárinu. Alls leituðu 229 (78%) nemandi FMOS til ráðgjafarinnar um haustið en 192 (80%) nemendur að vori. Heildarfjöldi viðtala á skólaárinu var 883, sjá mynd 1. Sjá má að fjöldi viðtala hefur lækkað óverulega en á sama tíma er hlutfall nemenda sem nýta sér þjónustuna mun hærri. Einnig hefur nemendum við skólann fækkað á milli ára.



Mynd 1. Yfirlit yfir heildarfjölda viðtala, samanburður á milli skólaára.

Ástæður fyrir komu til náms- og starfsráðgjafa voru:

- aðstoð við skipulag, utan um hald verkefna og námstækni
- persónulegir og félagslegir erfiðleikar
- ráðgjöf og aðstoð vegna námsvals á áföngum, töflubreytinga og innritunar

- ráðgjöf vegna náms- og starfsvals, áhugagreining og almenn upplýsingagjöf

Flestir nemendur sem nýta sér þjónustuna koma af eigin frumkvæði en nokkrir nefndu tilvísun frá forráðamönnum, kennurum og stjórnendum.

Breyting var gerð á sálfræðiþjónustu skólans. Nú er ekki lengur sálfræðingur starfandi við skólann heldur var gerður samningur við Kvíðameðferðastöðina (KMS). Níu nemendum var vísað til KMS á skólaárinu og sjá náms- og starfsráðgjafar um það.

Mæting nemenda

Fylgst var sérstaklega með mætingu nemenda og haft samband við þá nemendur sem voru með slaka mætingu. Haft var samband við forráðamenn nemenda undir 18 ára eftir þörfum og í samráði við umsjónarkennara. Tilgangurinn var að ná til nemenda áður en þeir hættu alveg að mæta í skólann þar sem slök mæting er sterk vísbending um brotthvarf.

Námserfiðleikar nemenda

Nemendur sem tilkynntu um námslegan vanda voru 111. Sumir þessara nemenda eru með fleiri en eina greiningu. Tafla 1 sýnir hvers konar erfiðleika nemendur FMOS eiga við að stríða. Nemendur sérnámsbrautar eru ekki meðtaldir. Nemendur hafa ýmist skilað greiningum um námserfiðleika á skrifstofu náms- og starfsráðgjafa, látið vita munnlega í viðtali við ráðgjafa eða skráð það í INNU. Á nýnemakynningu eru nemendur hvattir til að skila inn greiningum um námserfiðleika sem og eru forráðamenn minntir á það á foreldrafundi í upphafi haustannar.

Greiningar	Skólaárið 2022-2023
AD(H)D	28
Lesblinda	30
Námserfiðleikar	9
Andleg veikindi	10
Einhverfa	12
Líkamleg veikindi	1
Stjórnumerkt	21
Samtals	111

Tafla 1. Yfirlit yfir greiningar nemenda

Rafræn ráðgjöf

Ráðgjöf fer einnig fram í gegnum miðla eins og síma, Teams, tölvupósta og Facebook. Tekið skal fram að þessi samtöl eru ekki skráð inn í viðtalsfjöldu hjá náms- og starfsráðgjöfum. Náms- og starfsráðgjöf Fmos heitir Facebook síðan og eru 713 vinir skráðir, aðallega núverandi og fyrrverandi nemendur skólans. Náms- og starfsráðgjafar skólans hafa verið í samskiptum við nemendur í gegnum miðilinn bæði að eigin frumkvæði og einnig að frumkvæði nemendanna. Einnig er síðan nýtt til að koma upplýsingum um nám og störf til nemenda sem og ýmsum tilboðum sem eru á vegum námsráðgjafarinnar og standa nemendum til boða. Helsti gallinn er að ekki eru allir nemendur skólans virkir á Facebook og því er mikilvægt að nota einnig tölvupóst til að upplýsingar komist til allra nemenda. Vert er að taka fram að miðillinn er ekki notaður í persónulega ráðgjöf heldur er hann notaður til að koma upplýsingum til nemenda.

Bendill

Nemendum FMOS er boðið upp á að taka áhugakönnunin Bendill I og II. En Bendill er könnun sem metur áhuga og birtast niðurstöður myndrænt. Áhugakönnunin hjálpar nemendum að vera markvissari og skilvirkari í leit að námi eða starfi. Nemendur sem tóku áfangann „Lífið eftir útskrift“ tóku Bendil II og gerðu verkefni í tengslum við könnunina. Það kom vel út og líklegt að þannig verði það áfram. Ef nemendur sem ekki eru í áfanganum óska eftir að taka könnunina þá er það í boði.

Stjórnun

Heildstæð náms- og starfsráðgjafaáætlun

Náms- og starfsráðgjafar FMOS vinna samkvæmt fyrir fram ákveðinni starfsáætlun sem nær yfir eitt skólaár í senn. Áætlunin tekur til allra þátta innan verksviðs ráðgjafarinnar og er í samræmi við hlutverk og stefnu skólans. Hafa ber í huga að starfsáætlunin er vinnuplagg og því þarf hún að vera sveigjanleg fyrir tilfallandi verkefni. Áætlunina ber að endurskoða árlega og aðlaga eftir því hvað reynslan kennir. Kostirnir við áætlanagerð eru margir, má þarf nefna auknar líkur á að markmið náist, auðveldar að skoða gæði þjónustunnar og þróun hennar svo eitthvað sé nefnt.

Fundir og nefndarstörf

Náms- og starfsráðgjafar sátu kennara- og starfsmannafundi og funduðu reglulega með stjórnendum á haustönn og vorönn. Náms- og starfsráðgjafi á einnig sæti í áfallaráði skólans og er öryggistrúnaðarmaður.

Náms- og starfsráðgjafar skólans hittust vikulega á samráðsfundum og fóru yfir málin.

Náms- og starfsráðgjafar sátu fundi með umsjónarkennurum.

Náms- og starfsráðgjafar í Mosfellsbæ hittust til skrafs og ráðagerða. Þetta er mikilvægur samstarfsgrundvöllur þar sem markmiðið er að auka tengsl á milli grunnskólanna í Mosfellsbæ og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Annar náms- og starfsráðgjafinn er félagi í Félagi náms- og starfsráðgjafa (FNS) og situr þar í fagráði náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum.

Innritun

Náms- og starfsráðgjafar aðstoða verðandi nemendur í umsóknarferlinu á meðan að innritun nýnema fyrir vor- og haustönn stendur yfir. Aðstoðin felur í sér almenna upplýsingagjöf varðandi skólann og námið, áfangaval, brautirnar, mat á eldra námi og fleira.

Val og námsferlar

Náms- og starfsráðgjafar sjá um að aðstoða nemendur við að velja áfanga fyrir næstu önn og aðstoða þá við að skipuleggja námið fram í tímann.

Nemar í náms- og starfsráðgjöf frá HÍ

Náms- og starfsráðgjöf FMOS hefur verið í samstarfi við Háskóla Íslands vegna nema í náms- og starfsráðgjöf. Á haustönn 2022 komu tveir nemar í styttri vettvangsheimsókn sem var ein vika. Þá fylgdu þær náms- og starfsráðgjöfum eftir og fengu að sitja inni í viðtölum ásamt því að fá fræðslu og innsýn í starfið.

Farsældarlögin

Svanhildur er tengiliður farsældarlaga barna. En tilgangurinn með farsældarlögunum í þágu barna er að foreldrar og börn hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi. Ekki hefur enn reynt mikið á þessi nýju lög en einn nemandi nýtti sér þessa þjónustu.

Forvarnarhópur Mosfellsbæjar

Náms- og starfsráðgjafi á sæti í forvarnarteymi Mosfellsbæjar en Tómstunda- og forvarnarfulltrúi bæjarins heldur utan um verkefnið. Þeir sem eiga aðild að fundunum eru forstöðumaður

félagsmiðstöðva, yfirmaður barnaverndar, náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum Mosfellsbæjar og FMOS, verkefnastjóri farsældarhringsins og fulltrúi lögreglu. Fundir eru haldnir mánaðarlega.

Eftir fund í lok haustannar með forvarnarteymi Mosfellsbæjar sem samanstendur af forvarnar- og tólmstundafulltrúa, náms- og starfsráðgjöfum grunnskóla og framhaldsskóla, lögreglunni og barnavernd, var ákveðið að fá samfélagslöggur í heimsókn í FMOS til að kynna sig og spjalla við nemendur. Þær komu svo tvisvar sinnum í heimsókn yfir vorönnina og voru þær heimsóknir mjög vel heppnaðar samkvæmt nemendum og lögreglunni. Þessum heimsóknum verður haldið áfram næsta haust með meiri fræðslu og kynningum fyrir nemendur.

Námskeið/fræðsla

Á haustönninni var nemendum boðið upp á svokallað ráðgjafaspjall, því var stýrt af náms- og starfsráðgjöfunum og hjúkrunarfræðingnum. Hugsunin á bak við spjallið var að ná til fleiri nemenda skólans og nýta tíma sérfræðinga betur með því að vinna með nemendur í hóp og draga þannig úr einstaklingsráðgjöfinni. Boðið var upp á spjallið á föstudögum í verkefnatíma og var ákveðið umræðuefni af nemendum hverju sinni. Nemendur gátu mætt í Borg án þess að skrá sig fyrir fram. Ákveðin hópur nemenda nýtti sér þessa þjónustu vel og oft sköpuðust góðar og gagnlegar umræður. Því miður var ekki haldið áfram með ráðgjafaspjallið á vorönninni vegna annarra verkefna. Okkur langar mjög mikið að halda því úti bæði á haust og vorönn og er stefnt á það næsta ár. Umfjöllunarefni sem voru tekin fyrir á haustönn voru: Hamingjan, Skipulag, Fjármál, Framtíðin og börn og uppeldi. Mæting var á bilinu 5-8 nemendur.

Kennsla og önnur störf

Aðalsteinn sinnti fjölbreyttum störfum þetta skólaár ásamt því að vera í náms- og starfsráðgjöfinni. Hann var stuðningsfulltrúi á sérnámsbraut og var einnig tengiliður kennara við nemendafélag skólans. Á vorönn var boðið upp á fimm eininga náms- og starfsfræðslu áfanga á þriðja þrepi. Svanhildur bjó til og kenndi þennan áfanga ásamt öðrum kennara við skólann. Áfanginn var í boði sem val fyrir nemendur sem höfðu lokið yfir 100 einingum eða meira. Vel tókst til en 25 nemendur voru skráðir í áfangann í upphafi annar en 23 í lok annar. Það er ósk okkar að boðið verður upp á þennan áfanga á hverri vorönn þar sem hann er nauðsynlegur til að hjálpa nemendum að átta sig á hvert þeir vilja stefna að loknu námi í FMOS.

Þróunarþrep

Náms- og starfsráðgjafar sóttu um þróunarþrep ásamt einum kennara skólans á haustönn. Markmiðið með þróunarþrepinu er að auglýsa betur okkar flotta skóla fyrir grunnskólanemendum í Mosfellsbæ. Hugmyndin er að koma af stað nýsköpunarkeppni milli grunnskólanna í Mosfellsbæ og að FMOS verði umsjónaraðili með keppninni. Verkefnið er framhald af þróunarþrepi frá önninni á undan. Boðið var upp á áfangann á vorönninni en því miður náðist ekki nægur fjöldi nemenda. Ein af ástæðum þess er væntanlega að nemendur í grunnskólum velja að vori eða hausti yrir allt skólaárið og kom því þetta tilboð heldur seint til þeirra.

AFS - skiptinemar

FMOS hefur tekið á móti þeim skiptinimum sem AFS óskar eftir. Í ár voru þrjú skiptinemar í skólanum, frá Frakklandi, Belgíu og Lettlandi. Óhætt er að segja að nemendurnir hafi sett góðan og skemmtilegan lit á skólalífið.

Kynningar á skólanum og þjónustunni

Foreldrafundur

Einn fundur var haldinn fyrir forráðamenn nemenda í upphafi haustannar og var náms- og starfsráðgjafi þar til ráðgjafar.

Grunnskólakynningar

Á haust- og vorönn voru skipulagðar kynningar á FMOS fyrir nemendur í 10. bekk í Lágafellsskóla, Tjarnarskóla, Kvíslarskóla og Klébergsskóla alls 11 heimsóknir. Kynningarnar voru unnar í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa grunnskólanna. Tilgangurinn með þeim er að nemendur í 10. bekk kynnist kennsluháttum og námsframboði FMOS og fái innsýn í starf skólans. Kynningarnar voru vel heppnaðar og enduðu á því að hóparnir fengu hádegismat í mötuneyti skólans.

Á vorönn var opið hús að venju og var lögð áhersla á að auglýsa það sem víðast. Auglýsingar birtust í Mosfellangi og Árbæjar og Grafarvogsbliðunum. A3 veggspjöld voru hengd upp í grunnskólunum í Mosfellsbæ og verslunum í bænum og nágretta hverfum. Auglýst var á strætóskýlum í Mosfellsbæ, Grafarvogi, Grafarholti og Árbænum ásamt stóra skiltinu á Vesturlandsvegi. Auk þess var opna húsið auglýst meðal grunnskólaráðgjafa í félagi náms- og starfsráðgjafa. Opna húsið gekk vel og var líf og fjör í húsinu en nokkrir nemendur FMOS gengu með gesti um húsið og stóðu þau sig mjög vel. Boðið var upp á vöflur með rjóma og kaffi.

Á vorönn var boðið náms- og starfsráðgjöfum í grunnskólum landsins í heimsókn í FMOS. Því boði var vel tekið og sýndur góður áhugi. Það mættu 8 náms- starfsráðgjafar úr grunnskólum í nærumhverfi Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Ráðgjafarnir fengu góða kynningu á skólanum og starfinu frá aðstoðarskólameistara og skoðunarferð um skólann. Að lokum var svo boðið upp á vöflur með rjóma og kaffi og spjallað saman um skólamál og fleira.

Eitthvað var um að forráðamenn og/eða nemendur hefðu samband og óskuðu eftir kynningu á námsframboði skólans og skólahúsnæðinu. Þessar kynningar eru óskráðar ásamt þeim kynningum þar sem ráðgjafar grunnskólanna koma með einn til tvo nemendur að skoða skólann.

Mín Framtíð

Íslandsmót verk- og iðngreina var haldinn í Laugardalshöllinni í mars en þar fá bóknámsskólarnir tækifæri til að kynna skólann sinn fyrir 9. og 10. bekk á landinu. Náms- og starfsráðgjafi var með yfirumsjón yfir verkefninu og naut góðrar aðstoðar kennara og nemenda.

Endurmenntun

Aðalsteinn

Menntabúðir í Menntaskólanum við Sund þar sem kennarar úr FMOS og MS voru með ýmis erindi tengd kennslu.

Fyrirlestur frá Blindrafélaginu.

Svanhildur

Menntabúðir í Menntaskólanum við Sund þar sem kennarar úr FMOS og MS voru með ýmis erindi tengd kennslu.

Kynning á Háskóla Íslands þar sem náms- og starfsráðgjöfum grunn og framhaldsskóla var boðið í heimsókn til að kynna skólann og auka samstarf á milli skólastiga.

Ráðstefna náms- og starfsráðgjafa sem bar yfirskriftina Sýnileiki, samstaða og stafræn tilvera. Ráðstefnan var haldin á Akureyri og var fjöldi áhugaverða fyrirlestra ásamt skólaheimsóknum.

Ráðstefna í Boston bar yfirskriftina Teaching struggling brains.

Uppskeruhátíð FNS þar voru MA ritgerðir í náms- og starfsráðgjöf kynntar.

Ýmsar kynningar og námskeið í tengslum við farsældarlögin.

Ýmis námskeið og samráðsfundir hjá félagi náms- og starfsráðgjafa.

Lokaorð

Haustönnin hófst með venjubundnum hætti og í fyrsta skipti síðan að heimsfaraldurinn kom voru engar takmarkanir og ekki ótti um að búast mætti við neinum slíkum eða að skólanum yrði lokað með stuttum fyrirvara. Það var mjög skemmtilegt. Frábært að taka heilt skólaár án ótta við covid-19.

Hjúkrunarfræðingur starfaði við skólann á þessu ári. Hún var með viðtalstíma eftir hádegi einu sinni í viku. Samstarf okkar við hjúkrunarfræðinginn gekk vel. Á þessu skólaári var gerður samningur við Kvíðameðferðastofuna (KMS) í stað þess að hafa sálfræðing við skólann. Samstarfið við KMS gekk vel og fengu nemendur fljótt viðtal eftir að beiðni var send.

Starfið gekk mjög vel hjá okkur og var þetta annað árið sem við vinnum saman. Samstarfið hefur gengið mjög vel og er orðið vel smurt. Eins og við nefndum eftir fyrsta árið teljum við að það sé ráðgjöfinni og ekki síst nemendum og skólanum til góða að hafa tvo ólíka náms- og starfsráðgjafa sem vinna vel saman.

Vorönnin fór ásamt hefðbundnum ráðgjafastörfum að miklu leiti í ýmis konar kynningarmál og vinnu tengda þeim. Sem var allt mjög skemmtilegt og gefandi.

Reglulegir fundir náms- og starfsráðgjafa með stjórnendum voru á bæði haustönn og vorönn. Okkur finnst mikilvægt að halda áfram því góða og mikilvæga samstarfi sem er á milli ráðgjafa og stjórnenda.

Aðalsteinn var á þessu skólaári með fasta skrifstofu sem hann hafði ekki árið þar á undan. Það var mikill munur að ráðgjafarnir voru með skrifstofu hlið við hlið og við teljum að aukinn fjöldi nemenda hlutfallslega megi að einhverju leiti skýra með því að það var komin föst aðstaða hjá báðum ráðgjöfum.

Það var mikið í gangi eins og vanalega og nóg að gera hjá okkur í hinum ýmsu fjölbreyttu verkefnum starfsins. Skólinn iðar af lífi og skemmtilegum nemendum sem gaman er að vinna með og sjá dafna í námi sínu.

Gleðilegt sumar og takk fyrir samstarfið á liðnum árum 😊

Svanhildur Svavarsdóttir og Jóhann Aðalsteinn Árnason,
náms- og starfsráðgjafar FMOS.